

# Kvennalisti á krossgötum

„Þetta er svoltit sérkennileg tilfinning. Það er ákveðnum kafla í mínu lífi að ljúka. Þetta er orðin 15 ára saga og starf mitt í Kvennalistanum hefur tekið mikinn tíma og orku. Ég er auðvitað ósatt við þá þróun sem orðið hefur en jafnframt er það mikill léttir að gera nú hlutina upp og taka þetta skref. Ég er búin að standa í miklu þrefi og er ósköp fegin að því lýkur nú.“ sagði Kristín Ástgeirsdóttir í samtali við DV í fyrirrag.

DV ræddi við Kristínu skömmu áður en hún skilaði úrsagnarbréfi sínu úr Kvennalistanum á skrifstofu listans í Austurstræti í hendur starfskonu Kvennalistans, Áslaugar Thoriáccius. Kristín sagði við DV að pólitískt starf hennar sem þingmanns héldi auðvitað áfram út kjörtímabilið en það væri ólíkt að starfa framvegis ein í stað þess að vera hluti þingflokks. Varðandi pólitíska framtíð að loknu kjörtímabilinu sagði Kristín að ekkert sérstakt blásti við en ekki væri hægt að útiloka það að einhverjar breytingar yrðu í hinu pólitíska landslagi. „Það getur margt gerst og kannski myndum við nýjan kvennaflokk, maður veit aldrei.“ sagði hún.

Margir velta fyrir sér framtíð Kvennalistans eftir þær deilir sem verið hafa um afstöðu hans til samstarfs við A-flokkana og úrsagna að undanförmu en um tugur kvenna, sem fyrir um 15 árum stóðu að stofnun hans sem stjórnmálaafs kvenréttindahugsjóna, hefur nú yfirgefið hann eftir að landsfundur

samþykkti á dögnum að ganga til víðræðna um sameiginlegt framboð vinstri flokka fyrir næstu alþingiskosningar.

Á hinn bóginn hafa konur sem staðið hafa utan hans hingað til gengið til liðs við Kvennalistann í kjölfar landsfundarins. Í þeim hópi má t.d. nefna Elísabetu Þorgeirsdóttur ritstjóra, sem áður var í Alþýðubandalaginu og hefur undanfarið komið við sögu Þjóðvaka, og dr. Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur.

## Framtíð Kvennalistans

Kvennalistinn er á krossgötum. Fylgi hans hefur dalað verulega frá því sem var á blómattima hans þegar fylgi hans í skoðanakönnunum fór fram úr fylgi Sjálfstæðisflokksins. Fylgishrun flokksins hefur kallað á nokkra tilvistarkreppu: Á flokkurinn að vera þverpólitískur kvenréttinda- og kvennaráttu-flokkur eða á hann að skilgreina sig innan hins hefðbundna flokkakerfis, til hægri eða vinstri, og ganga til samstarfs við flokka með sambærileg markmið?

Um þetta hefur ágreiningur innan flokksins staðið síðustu mánuði. Hann kom upp á fundi Samráðs Kvennalistans sl. haust þegar deilt var um hvort flokkurinn ætti að horfa til samstarfs við félagshyggjuflokkana sem heild eða, eins og Kristínarnar þrjár vildu, þær Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Kristín Einarisdóttir, að flokkskonur hefðu það í eigin völdi hvora leiðina þær vildu. Flokkurinn sem slíkur tæki ekki afstöðu í því efni.

Í þeirri ályktun sem Samráðið samþykkti í haust var ákveðið að fara þá leið að hver og ein flokkskvenna gæti ákveðið það sjálf að taka þátt í hópi sem gengi til víðræðna um kosningasamstarf við A-flokkana. Um slíkt yrði ekki að ræða á flokkslega vísu.

Á landsfundi Kvennalistans um síðustu helgi kom þetta mál aftur upp og þá var gagnstæð tillaga samþykkt, sémse um að Kvennalistinn sem flokkur gengi til víðræðna við A-flokkana um hugsanlegt samstarf fyrir næstu alþingiskosningar.

## Gróskuhugsjónin

Á fundinum var það nokkuð skýrt að þær konur sem studdu tillöguna, sem flutt var af Guðnýju Guðbjörnsdóttur alþingiskonu og fleirum, voru margar sem tengast starfi ungliðasamtakanna Grósku, sem mjög hafa unnið að kosningasamstarfi félagshyggjufólks, eða hafa litið til starfs Grósku með velþöknum og verið fylgjandi því að búa til nýjan jafnaðarmannaflokk.

Þær Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarisdóttir mæltu báðar gegn tillögunni og greiddu ákvæði gegn henni og Kristín Halldórsdóttir, sem lýsti sig andviga henni, sat hjá við ákvæðagreiðsluna. Hún hefur sagt við DV að hún muni ekki segja sig úr Kvennalistanum heldur gegna þingmennsku fyrir samtökin áfram eins og hún var kjörin til.

Hér er einmitt komið að kjarna deilnanna innan Kvennalistans og þess uppgjors sem nú fer fram. Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarisdóttir og fleiri af stofnendum Kvennalistans sem stjórnmálaafs hafa nú kvatt hann. Þær telja að

með samþykkt tillögunnar hafi hann skilgreint sig til vinstri í hinu pólitíska lítrófi. Kvennaráttá sé ekki pólitískt ráttáttá samkvæmt hinna hefðbundnu flokkaskiptingu, hún sé kvenfrelsisstefna og -ráttáttá sem gangi þvert á flokka.

## Kvennalistinn sem ég vann fyrir er ekki lengur til

Kristín Einarisdóttir, fyrrum alþingiskona, sagði sig úr flokknum í gær. Í samtali við DV kveðst hún vel hafa getað hugsað sér að sitja áfram í flokknum ef samþykkt Samráðsins frá í haust hefði fengið að standa. Sú samþykkt hefði gefið


arson, stjórnmálafræðing og lektor við Háskóla Íslands.

Ólafur kveðst ekki sjá fyrir sér neinar breytingar á þátttöku Kvennalistans innan R-listans. „Það eina sem gæti spilt því er að þær konur sem nú eru að ganga úr Kvennalistanum byðu sjálfar fram í Reykjavík, en það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að þær hafi það í huga.“ Kvennalistinn hefur með landsfundarsamþykktinni stíllt sér upp við hljóð vinstri flokkanna. Fari nú svo að samstarf tákist ekki um sameiginlegt framboð flokkanna fyrir næstu alþingiskosningar, verður þá einhver leið til baka fyrir flokkinn? Getur hann tekið á ný upp þráðinn sem hreinn

þá standi Kvennalistinn aftur á byrjunarreit og verður að ákveða hvort hann ætli að bjóða fram eða ekki. Hugsanlegt sé að einhverjar af þeim konum sem nú eru að ganga út komi þá inn í flokkinn aftur. „Það kynni líka að vera að þá myndu þær ákveða að bjóða ekkert fram, enda var það heldur engan veginn gefið áður en ágreiningurinn um vinstra samstarf kom upp hvort listinn byði yfirleitt fram í næstu kosningum.“ sagði Ólafur Þ. Harðarson.

## Oftúlkonu — segir Guðný

Guðný Guðbjörnsdóttir segir að úrsagnir þingkonu og varaþingkonu



Kristín Ástgeirsdóttir kveður Hjalmar Arnason sem þingmaður Kvennalistans og heilsar honum sem óháður þingmaður í stíga Alþingishússins. Á innfelli myndinni er hún á tali við Geir H. Haarde. DV-mynd BG

hverri og einni konu í flokknum færi á að ákveða að fara hverja þá leið sem henni þóknaðist í hinna hefðbundnu pólitík. Hún geti hins vegar ekki unað því að Kvennalistinn í heild sé dreginn á þennan hátt í slíkar pólitískar áttir, hvort sem einstaklingum innan hans líkar betur eða verr. Hún segir um þetta atriði við DV:

„Ég gat ekki setið undir því að vera þvinguð til að fara þessa leið en ég gat vel þolað þeim sem vildu fara hana að þær gerðu það, bara ef þær víðurkendu að það er ekki Kvennalistinn í heild. Mér finnst hart að þær sem þetta vildu hafi reynt að þvinga okkur til að fylgja þeim. Þótt þeim hefði mátt vera það ljóst strax í sumarið að það væri ekki hægt.“

Ég var satt við þá málamiðlun sem fólst í samþykkt Samráðsins í vor en þegar sagt er við mig — þú skalt bara fylgja okkur — þá eru það mörkin fyrir mér.“ segir Kristín Einarisdóttir. Hún segir að niðurstaða landsfundarins í málinu sé óvönandi og því hafi hún sagt sig úr flokknum. „Mér finnst að sá Kvennalisti sem ég gekk til liðs við, sem ég hef unnið fyrir og verið þingkona fyrir, sé ekki lengur til.“

## Staðfesting vinstrimennsku

Margir spyrja sig nú: Mun nýafstaðið uppgjör hafa áhrif á pólitískt starf Kvennalistans, t.d. innan R-listans í Reykjavík og á landsvísu? DV ræddi þau mál við Ólaf Þ. Harð-

arson og einnig skilgreiningu að Kvennalistinn sé ný vidd í íslenskum stjórnmálum, hvorki til hægri né vinstri. Um þetta má hins vegar líka segja það að í kosningarannsóknunum sem ég hef gert síðan 1983 hafa kjósendur m.a. verið beðnir um að raða flokkunum og sjálfum sér til hægri eða vinstri. Þær rannsóknir gefa berlega til kynna, bæði í hugum kjósenda Kvennalistans, sem og annarra flokka, að Kvennalistinn er vinstri flokkur og hefur meistar lengst til vinstri, næst á eftir Alþýðubandalaginu.“ segir Ólafur.

Ólafur segir að tákist ekki kosningasamstarf með A-flokknum, sem fát bendi til á þessari stundu,

séu oftúlkaðar í fjölmörgum. Úrsagnir séu enn fremur alls ótímabærar. Frá því að Samráð Kvennalistans samþykkti ályktun sína í haust hafi könnunarviðræður farið fram. Eiginlegar samningaviðræður um kosningasamstarf séu hins vegar enn ekki hafnar. Í könnunarviðræðunum hafi komið fram umtalsverður áhugi á því meðal A-flokkanna að Kvennalistinn kæmi til þessa samstarfs. Jafnframt hefði komið fram að askilegra væri að samtökin í heild kæmu að þeim í stað hóps kvennalistakvenna.

Málið sé fráleitt útklað og alls ekki útséð um hvort samstarfsgrunnvöllur flokkanna yfirleitt finnst, hvort sem er milli hinna flokkanna né milli þeirra og Kvennalistans, en Kvennalistinn gerir, að sögn Guðnýjar, skýlaust kröfur um málefni og að jafnræði verði milli kynjanna í hugsanlegu framboði. Ef niðurstaða næst í viðræðunum þá verði þær lagðar fyrir landsfund Kvennalistans sem tekur endanlega ákvörðun um hvort gengið verði til samstarfsins eða ekki. „Við töldum það mun sterkara að samtökin sem heild gengju til þessara víðræðna því á þann hátt er á grundvelli samþykktar Samráðsins. Lokaákvörðun í málinu verður í höndum landsfundar. Af þessum ástæðum eru úrsagnir úr Kvennalistanum með öllu ótímabærar.“ sagði Guðný Guðbjörnsdóttir.

**FINNLÁND**

**28<sup>50</sup> kr.**

hver mínúta eftir kl.19:00 á kvöldin

**PÓSTUR OG SÍMI**